

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við stofnun
Rannsóknaseturs um jafnrétti í efnahags- og atvinnulífi. Flutt í
Hátíðasal fimmtudaginn 15. apríl 2025 kl. 12.00**

Kæru gestir, það er mér bæði heiður og ánægja að bjóða ykkur öll velkomin til þessarar samkomu sem haldin er í tilefni af stofnun nýs rannsóknaseturs við Háskóla Íslands sem ber heitið *Rannsóknasetur um jafnrétti í efnahags- og atvinnulífi*. Það er engin tilviljun að rannsóknasetrið er formlega stofnað einmitt á þessum degi, því í dag fögnum við 95. afmælisdegi Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, einstökum leiðtoga og fyrirmynd, tvöföldum heiðursdoktor og miklum velgjörðarmanni Háskóla Íslands til áratuga.

Tilgangur Rannsóknaseturs um jafnrétti í efnahags- og atvinnulífi er að efla og dýpka þekkingu á stöðu kynjanna í íslensku atvinnulífi, með það að markmiði að stuðla að raunverulegu jafnrétti í efnahagslegri þátttöku, ákvarðanatöku og leiðtogastöðum, bæði innanlands og með hagnýtingu og kynningu rannsókna á alþjóðavettvangi. Þetta verður gert með því að vinna að rannsóknum, hér á landi og erlendis, þróa hagnýtar lausnir sem byggja á traustum gögnum og miðla þekkingu sem nýst getur til stefnumótunar og kerfisbreytinga.

Ísland hefur náð langt í jafnréttismálum á heimsvísu og af því getum við verið stolt. En við vitum einnig að það er enn til staðar talsvert kynjabil þegar kemur að efnahagslegri þátttöku og ákvarðanatöku, stjórnunarstöðum í atvinnulífinu, fjárfestingum og við stofnun fyrirtækja. Nýja rannsóknasetrinu er ætlað að stíga inn einmitt hér með því að rannsaka og kortleggja orsakir og hindranir sem viðhalda þessu kynjabili og leiða fram lausnir sem geta stuðlað að varanlegum kerfisbreytingum.

Það er ánægjulegt að sjá hvernig tekist hefur að setja saman öflugt, þverfræðilegt og alþjóðlegt teymi sem fer fyrir rannsóknasetrinu, auk þess sem fjölmargir háskólar og fyrirtæki mynda sterka bakvarðarsveit sem mun taka þátt í að styðja við rannsóknastarf setursins. Hér vil ég sérstaklega geta Arion banka sem lætur verkin tala og mun hér á eftir veita myndarlegan styrk til eflingar rannsókna á þessu sviði. Stjórn rannsóknasetursins er skipuð Katrínu Jakobsdóttur, fyrrverandi forsætisráðherra Íslands, fyrrverandi formanni Heimsráðs kvenleiðtoga - Council of Women World Leaders - og núverandi formanni stjórnar Fasteigna Háskóla Íslands og fulltrúa í háskólaráði HÍ, en Katrín er formaður stjórnar rannsóknasetursins. Meðstjórnendur eru Viðar Lúðvíksson, hæstaréttarlögmaður hjá lögmannsstofunni Landslögum og sérfræðingur í félagarétti, stjórnarháttum fyrirtækja, samningagerð og málflutningi, og Ásta Dís Óladóttir, prófessor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, formaður stjórnar Viðskiptafræðistofnunar HÍ og reynslubolti úr atvinnulífinu. Að öðrum ólöstuðum er það hugsjónum og drifkrafti Ástu Dísar að þakka að við erum saman komin hér í dag, en þess má geta að fyrir tæpu einu og hálfu ári var hún sæmd hér í Hátíðasal viðurkenningu Háskóla Íslands fyrir lofsvert framlag til jafnréttismála og leyfi ég mér að líta svo á að við erum að uppskera ávöxtinn af því hér í dag. Ég býð hina nýju stjórn velkomna til starfa og óska henni og rannsóknateyminu öllu velfarnaðar.

Góðir gestir, ég vil að lokum endurtaka árnaðaróskir mínar til hins nýja rannsóknaseturs, Háskóla Íslands og íslensks atvinnulífs. Megi Rannsóknasetur um jafnrétti í efnahags- og atvinnulífi við Háskóla Íslands blómstra, íslensku samfélagi til heilla og framfara.

Takk fyrir.

Dagskrá

- Jón Atli Benediktsson býður gesti velkomna
- Katrín Jakobsdóttir, stjórnarformaður ávarpar
- Ásta Dís Óladóttir flytur erindið *Fjárfestum í jafnrétti*
- Undirskrift á styrk Arion banka til setursins (Jón Atli og Snædís Ögn Flosadóttir, Arion banka)
- Viðar Lúðvíksson stýrir fundinum